

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 9. júlí 2024
UST202406-192/S.A.J.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - rannsóknarleyfi vegna vatnsaflsvirkjunar í Köldukvísl í Múlaþingi

Orkustofnun sendi Umhverfisstofnun erindi þann 14. júní sl. þar sem óskað var umsögn stofnunarinnar um umsókn Orkusölnunnar um rannsóknarleyfi vegna vatnsaflsvirkjunar í Köldukvísl í Múlaþingi.

Orkusalan sótti um rannsóknarleyfi til fimm ára á grundvelli 40. gr. raforkulaga, nr. 65/2003 og III. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, auðlindalaga. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. auðlindalaga skal leitað umsagnar m.a. Umhverfisstofnunar áður en rannsóknarleyfi er veitt.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að rannsóknaleyfið þarf að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027. Samkvæmt 28. gr. laganna eiga opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun¹. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnum vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn hljóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Tvö straumvatnshlot eru innan rannsóknasvæðisins; Kaldakvísl ([102-1227-R](#)) og Eyvindará 3 ([102-1146-R](#)). Umhverfismarkmið þessara vatnshlota er að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Jafnframt eru grunnvatnshlotin Austfirðir ([102-292-G](#)) og Eyvindardalur ([102-77-G](#)) á afmörkuðu rannsóknarsvæði skv. greinargerð.

¹ [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

Umhverfismarkmið þeirra er að vera með góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugaðar framkvæmdir hafa áhrif á vatnsformsfræðilega gæðapætti straumvatnshlotanna, en vatnsformfræðilegt álag getur valdið breytingum á líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum sem eru notaðir til grundvallar ástandsflokkunar vatnshlota. Í kafla 6 í greinargerð framkvæmdaraðila er fjallað um rannsóknaráætlun og þá rannsóknapætti sem áætlað er að skoða. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdaraðili meti áhrif á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir straumvötn² samkvæmt stjórn vatnamála til þess að meta hvort framkvæmdin muni valda því að vatnshlotin nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir það. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála³. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á það að skilgreindir hafa verið gæðapættir og aðferðarfræði til að meta vatnsformfræðilega álagsþætti⁴.

Áður en framkvæmdarleyfi og síðar virkjunarleyfi eru veitt þarf framkvæmdaraðili að gera mat á þeim áhrifum sem verða á vatnshlot tengdum framkvæmdinni sem leyfisveitendur taka svo afstöðu til við leyfisveitingu. Í slíku áhrifamati þarf að fjalla um eftirfarandi:

- Tilganginn með áhrifamatinu þ.e. að það sé unnið til að meta áhrif framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotanna og hvort hætta sé á að ástand þeirra rýrni miðað við núverandi stöðu.
- Vatnshlotin sem um ræðir, ástand þeirra, álag, umhverfismarkmið og fleira ef þarf.
- Bein og óbein áhrif framkvæmdanna á vatnshlot.
- Viðeigandi gæðapætti í vatnshlotunum sem notaðir eru til ástandsflokkunar og hvernig framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti.
- Áhrif vegna fyrirhugaðra framkvæmda á vatnsformfræðilega gæðapætti og áhrif þeirra á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir sem koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef áhrifamatið leiðir í ljós að framkvæmdin eins og henni er lýst er líkleg til að valda því að umhverfismarkmið vatnshlotanna nást ekki).

Gera þarf áætlun um að staðfesta vistfræðilegt ástand áður en framkvæmdir hefjast. Matið þarf að byggja á þeim gæðapáttum sem notaðir eru til ástandsflokkunar. Meta þarf hvaða gæðapættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra, t.d. áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti. **Ef áhrifamatið sýnir að framkvæmdin hefur þau áhrif á gæðapættina að umhverfismarkmið vatnshlotsins um ástand nást ekki er ekki leyfilegt að heimila framkvæmdina.** Umhverfisstofnun getur skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála heimilað breytingu á vatnshlotti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum að uppfylltum öllum skilyrðum ákvæðisins.

² Eydis Salome Eiríksdóttir ofl. (2022). [Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi](#). Veðurstofa Íslands, VÍ 2020-009. 112 bls.

³ [Umhverfisstofnun - Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

⁴ Svava Björk Þorlákssdóttir ofl. (2023). [Aðferðir við mat á mjög góðu vatnsformfræðilegu ástandi straum- og stöðuvatna](#). Veðurstofa Íslands, VÍ 2023-011. 52 bls.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Á mörkum rannsóknarleyfisins eru að finna lítt raskað votlendi. Umhverfisstofnun bendir á að votlendi nýtur sérstakrar verndar samkvæmt a.lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í greingerð og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun vill jafnframt benda á að vegagerð getur valdið fyrirstöðu og þurrkaáhrifum.

Akstur utan vega

Samkvæmt 1. málsgrein 31. greinar náttúruverndarlaga er akstur vélknúinna ökutækja utan vega óheimill. Þó er heimilt að aka á slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis, svo lengi sem jörð sé frosin og ekki hætta á náttúruspjöllum. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd lagana og veitir m.a. leyfi og umsagnir skv. ákvæðum laganna.⁵

Ákveðnar undantekningar frá banni við akstri utan vega eru til staðar, t.d. fyrir landbúnaðarstörf, björgunarstörf, lögreglustörf, landgræðslu og rannsóknir. Þessar heimildir eru til staðar svo framarlega sem ekki sé unnt að sinna viðkomandi störfum á annan hátt og ekki sé hætta á náttúruspjöllum.

Rannsóknarleyfishafi getur ef ekki er hægt að komast að rannsóknarsvæði með öðrum leiðum s.s göngu, ekið þangað á vélknúnum ökutækjum, en skal ávallt gæta ítrustu varúðar og óheimilt er að valda raski eða náttúruspjöllum við slíkan akstur.

Frágangur gryfja og jarðrasks

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að rask á svæðinu verði í lágmarki og við framkvæmdir svo sem vegaf framkvæmdir og gerð gryfja, verði gróðurtorfur lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.

⁵ [Akstur utan vega](#)

Umhverfisstofnun telur að til uppgræðslu eigi að nota staðargróður eins og kostur er t.a.m. með því að geyma svarðlag til að leggja aftur yfir. Stofnunin telur slík vinnubrögð við frágang svæða sérstaklega mikilvæg þegar um er að ræða vistir með verndargildi. Mikilvægt er að tryggja að vistgerðum sem njóti verndar verði ekki raskað að mati stofnunarinnar. Á öðrum svæðum þar sem finna má vistgerðir með lágt verndargildi telur Umhverfisstofnun að nota eigi lágvaxnar grastegundir sem svipa til staðargróðurs ef ekki tekst að fræslægja.

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,
sérfræðingur

Margrét Mjöll Benjamínsdóttir,
sérfræðingur